

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

Nobivac Bb frostþurrkað lyf og leysir, dreifa fyrir ketti

2. VIRK INNIHALDSEFNI OG STYRKLEIKAR

Hver skammtur (0,2 ml) af blandaðri dreifu inniheldur:

Frostþurrkað lyf:

Virkt innihaldsefni:

$10^{6,3}$ - $10^{8,3}$ þyrpingafjöldi (CFU) af lifandi *Bordetella bronchiseptica* bakteríustofni B-C2.

Leysir:

Vatn fyrir stungulyf

Hjálparefni:

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Frostþurrkað lyf og leysir, dreifa.

Frostþurrkað lyf: Beinhvít eða rjómalituð smákúla.

Leysir: Tær litlaus lausn

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Dýrategund(ir)

Kettir.

4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Til virkrar ónæmisaðgerðar á köttum, 1 mánaðar eða eldri til að draga úr sjúkdómseinkennum *Bordetella bronchiseptica* sem tengjast sjúkdómi í efri öndunarfærum.

Upphaf ónæmis: Ónæmi náðist hjá 8 vikna gömlum köttum þegar 72 klukkustundum eftir bólusetningu.

Ending ónæmis: Ónæmið varir í allt að 1 ár.

Engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um áhrif mótefna frá móður á áhrif bólusetningar með Nobivac Bb fyrir ketti. Út frá fyrirbyggjandi gögnum er talið að þessi gerð bóluefnis í nef geti komið af stað ónæmissvörunum án þess að hafa áhrif á mótefni frá móður.

4.3 Frábendingar

Engar.

4.4 Sérstök varnaðarorð

Ef sýklalyf eru gefin innan viku frá bólusetningu, á að endurtaka bólusetninguna eftir að meðferð með sýklalyfinu lýkur.

4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum

Einungis á að bólusetja heilbrigða ketti.

Hnerri hjá köttum eftir gjöf hefur ekki slæm áhrif á virkni dýrallyfsins.

Gefið ekki meðan á sýklalyfjameðferð stendur eða í tengslum við aðra dýrallyfjameðferð í nef.

Bólusett dýr geta dreift *Bordetella bronchiseptica* bóluefnisstofni í sex vikur og getur losunin verið slitrótt í allt að eitt ár.

Þó að hættan á að ónæmisbældir einstaklingar geti sýkst af *Bordetella bronchiseptica* sé afar lítil, er ráðlagt að kettir sem eru í náinni snertingu við ónæmisbælda einstaklinga séu ekki bólusettir með þessu bóluefni.

Hundar, svín og óbólusettir kettir geta brugðist við bólusetningarstofninum með vægum og tímabundnum einkennum frá öndunarfærum. Önnur dýr eins og kanínur og lítil nagdýr hafa ekki verið prófuð.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið

Ef sá sem annast lyfjagjöf gefur sjálfum sér dýrallyfið fyrir slysni, skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

Sóttþreinsa skal á viðeigandi hátt eftir notkun þessa lifandi bóluefnis.

Þó að hættan á að ónæmisbældir einstaklingar geti sýkst af *Bordetella bronchiseptica* sé afar lítil, eiga slíkir einstaklingar að gera sér grein fyrir að kettir geta gefið bakteríuna frá sér í allt að 1 ár eftir bólusetningu.

4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Eftir lyfjagjöf hefur einstaka sinnum komið fram hnerri, hósti, væg og tímabundin vilsa úr auga eða nefi. Hjá köttum sem sýna alvarlegri einkenni er viðeigandi sýklalyfjameðferð ráðlögð.

4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Lyfið skal hvorki gefa kettlingafullum né mjólkandi læðum.

4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um öryggi og verkun þessa bóluefnis þegar það er notað samtímis einhverju öðru lyfi. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýrallyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

4.9 Skammtar og íkomuleið

Til notkunar í nef

Bólusetningaráætlun:

Einn 0,2 ml skammtur af blönduðu bóluefni a.m.k. 72 klukkustundum áður en meintur áhættutími hefst.

Látið leysinn ná stofuhita. Blandið við smitgát frostþurrkaða lyfinu saman við 0,3 ml af meðfylgjandi sæfðum leysi. Hristið vel.

Dragið 0,2 ml af blandaða bóluefninu upp í 1 ml eða 2 ml sprautu, takið nálina af og gefið allt innihald sprautunnar í aðra nösina.

Höfði kattarins á að halda þannig að trýnið vísi upp og munnurinn sé lokaður þannig að hann verður að anda í gegnum nefið. Setjið sprautuna fyrir framan aðra nösina og gefið varlega allt innihald sprautunnar í nefholið í gegnum nösina. Bóluefnið er gefið beint úr sprautuoddinum í nösina og kemst í nefholið við innöndun.

4.10 Ofskömmtn (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur

Engar aukaverkanir aðrar en þær sem nefndar eru í kafla 4.6 hafa komið fram eftir ofskömmtn bóluefnisins.

4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

5. ÓNÆMISFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Ónæmislyf fyrir kattaætt (Felidae)- lifandi bakteríur í bóluefnum.
ATCvet flokkur: QI 06AE02.

Til að örva myndun virks ónæmis gegn *Bordetella bronchiseptica*.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Frostþurrkað lyf:

Gelatína

Sorbitól

Fosfat stuðpúðar.

Leysir:

Vatn fyrir stungulyf.

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda við önnur dýrallyf að undanskildum leysinum sem fylgir til notkunar með lyfinu.

6.3 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 5 ár.

Geymsluþol eftir blöndun: notið innan 4 klukkustunda.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið við 2 – 8°C.
Verjið gegn ljósi.

6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Eitt 3 ml hettuglas (glar af gerð I) með frostþurrkuðu lyfi, lokað með halógenóbútýl gúmmítappa og innsiglað með húðaðri álhettu, ásamt hettuglasi (glar af gerð I) með 0,5 ml af sæfðum leysi lokaðu með halógenóbútýl gúmmítappa.

Pakkningar:

Pappaaskja sem inniheldur 5 hettuglös með 1 skammti af frostþurrkuðu lyfi og 5 hettuglös með leysi.
Plastaskja sem inniheldur 5 hettuglös með 1 skammti af frostþurrkuðu lyfi og 5 hettuglös með leysi.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðsettar.

6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal öllum ónotuðum dýrallyfjum eða úrgangi vegna dýrallyfja í samræmi við gildandi reglur. Úrgang skal sjóða, brenna eða setja í viðeigandi sótthreinsiefni sem hlotið hafa viðurkenningu viðkomandi yfirvalda.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Intervet International B.V.
Wim de Kórverstraat 35
NL-5831 AN Boxmeer
Holland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/02/034/001-002

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 10. september 2002
Dagsetning síðustu endurnýjunar markaðsleyfis: 30/08/2012

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um þetta dýrallyf eru birtar á heimasíðu Lyfjastofnunar Evrópu
<http://www.ema.europa.eu/>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>>

TAKMARKANIR Á SÖLU, DREIFINGU OG/EÐA NOTKUN

Innflutningur, sala, dreifing og/eða notkun Nobivac Bb fyrir ketti er eða getur verið óheimil í tilteknum aðildarríkjum, ýmist í ríkinu öllu eða hluta þess, samkvæmt ákvörðun viðkomandi yfirvalda varðandi heilbrigði dýra. Sá sem ætlar að flytja inn, selja, dreifa og/eða nota Nobivac Bb fyrir ketti skal leita til viðkomandi yfirvalda til að fá upplýsingar um hvaða bólusetningarreglur gilda um dýr, áður en hafist er handa um innflutning, sölu, dreifingu og/eða notkun.

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG
FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR
LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG
NOTKUN**
- C. UPPLÝSINGAR UM HÁMARK DÝRALYFJALEIFA**
- D. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**

A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Intervet Inc.
21960 Intervet Lane,
Delaware 19966, Millsboro
Bandaríkin

Intervet Inc.
375 South Lake Street,
Minnesota 56187, Worthington
Bandaríkin

Intervet International B.V.
Wim de Körverstraat 35
PO Box 31
NL - 5831 AA Boxmeer
Holland

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Intervet International B.V.
Wim de Körverstraat 35
PO Box 31
NL - 5831 AA Boxmeer
Holland

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Dýrallyfið er lyfseðilsskylt.

Samkvæmt ákvæðum 71. greinar í tilskipun Evrópuráðsins og þingsins 2001/82/EB með viðaukum bannar viðkomandi land eða getur bannað innflutning, sölu, birgðahald og/eða notkun dýrallyfsins á ákveðnu landssvæði eða öllu landinu ef sýnt er fram á að:

- a) notkun dýrallyfsins hafi áhrif á framkvæmd landsáætlana varðandi skimanir, eftirlit eða útrýmingu dýrasjúkdóma, eða valdi erfiðleikum við vottun á því að lyfjaleifar finnast ekki í meðhöndluðum dýrum eða afurðum þeirra.
- b) sjúkdómurinn sem bóluefnið er ætlað til notkunar gegn sé nánast óþekktur á svæðinu.

C. UPPLÝSINGAR UM HÁMARK DÝRALYFJALEIFA

Á ekki við.

D AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

Lyfjagátarkerfi

Markaðsleyfishafi skal tryggja að kerfi fyrir lyfjagát sem lýst er í I. hluta umsóknar um markaðsleyfið, hafi verið komið á fót og sé virkt áður en og á meðan lyfið er á markaði.

VIÐAUKI III

ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM>
UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM**

Merking á öskju

1. HEITI DÝRALYFS

Nobivac Bb frostþurrkað lyf og leysir, dreifa fyrir ketti

2. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI

Hver 0,2 ml skammtur inniheldur:
 $10^{6,3}$ - $10^{8,3}$ CFU af lifandi *Bordetella bronchiseptica* bakteríustofni B-C2

3. LYFJAFORM

Frostþurrkað lyf og leysir, dreifa.

4. PAKKNINGASTÆRÐ

5 einskammta hettuglös með frostþurrkuðu lyfi og 5 hettuglös með leysi.

5. DÝRATEGUND(IR)

Kettir

6. ÁBENDING(AR)

Lifandi bóluefni við sýkingu í efri öndunarvegi hjá köttum af völdum *Bordetella bronchiseptica*.

7. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar ínef.
Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

8. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Á ekki við

9. SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF ÞÖRF KREFUR

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun til að fá upplýsingar um sérstakar viðvaranir fyrir ónæmisbælt fólk.

10. FYRNINGARDAGSETNING

EXP {mánuður/ár}

11. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið við 2 – 8°C

Verjið gegn ljósi.

12. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR Á ÓNOTUÐUM LYFJUM EÐA ÚRGANGI, EF VIÐ Á

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

13. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“ OG SKILYRÐI EÐA TAKMARKANIR Á AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Dýralyf - lyfseðilsskylt.

14. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

15. HEITI OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Intervet International B.V.

PO Box 31

NL - 5830 AA Boxmeer

16. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/02/034/001

EU/2/02/034/002

17. LOTUNÚMER FRAMLEIÐANDA

Lot {númer}

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM

Merkimiði á hettuglas með bóluefni

1. HEITI DÝRALYFS

Nobivac Bb fyrir keti.

2. MAGN VIRKS INNIHALDSEFNIS/VIRKRA INNIHALDSEFNA

$10^{6,3}$ - $10^{8,3}$ CFU/skammtur *B. bronchiseptica*

3. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI SKAMMTA

1 skammtur.

4. ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar í nef.

5. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Á ekki við.

6. LOTUNÚMER

Lot {númer}

7. FYRNINGARDAGSETNING

EXP {mánuður/ár}

8. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM

Merkimiði á hettuglas með leysi

1. HEITI DÝRALYFS

Leysir fyrir Nobivac Bb

2. MAGN VIRKS INNIHALDSEFNIS/VIRKRA INNIHALDSEFNA

1 skammtur

3. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI SKAMMTA

0,5 ml

4. ÍKOMULEIÐ(IR)

Sjá fylgiseðil.

5. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Á ekki við.

6. LOTUNÚMER

Lot {númer}

7. FYRNINGARDAGSETNING

EXP {mánuður/ár}

8. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

B. FYLGISEDILL

FYLGISEÐILL FYRIR
Nobivac Bb frostþurrkað lyf og leysir, dreifa fyrir ketti

**1. HEITI OG HEIMILISFANG HANDHAFA MARKAÐSLEYFIS OG ÞESS
FRAMLEIÐANDA SEM BER ÁBYRGÐ Á LOKASAMÞYKKT, EF ANNAR**

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Intervet International B.V.
Wim de Kórverstraat 35
PO Box 31
NL-5831 AN Boxmeer
Holland

2. HEITI DÝRALYFS

Nobivac Bb frostþurrkað lyf og leysir, dreifa fyrir ketti;

3. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI

Hver skammtur (0,2 ml) af blandaðri dreifu inniheldur:

Frostþurrkað lyf:

Inniheldur $10^{6,3}$ - $10^{8,3}$ þyrpingafjölda (CFU) af *Bordetella bronchiseptica* stofni B-C2.

Leysir:

Vatn fyrir stungulyf

Frostþurrkað lyf: Beinhvít eða rjómalituð smákúla.

Leysir: Tær litlaus lausn

4. ÁBENDING(AR)

Til virkrar ónæmisaðgerðar á köttum, eins mánaðar og eldri til að draga úr sjúkdómseinkennum *Bordetella bronchiseptica* sem tengjast sjúkdómi í efri hluta öndunarfæra.

Ónæmi náðist hjá 8 vikna gömlum köttum þegar 72 klukkustundum eftir bólusetningu.

Ónæmið varir í allt að 1 ár.

5. FRÁBENDINGAR

Lyfið skal hvorki gefa kettlingafullum né mjólkandi læðum.

6. AUKAVERKANIR

Eftir lyfjagjöf getur einstaka sinnum komið fram hnerri, hósti, væg og tímabundin vilsa úr auga eða nefi. Eftir ofskömmtnun koma sömu einkennum fram, einkum hjá mjög ungum, móttækilegum kettlingum. Hjá köttum með alvarlegri einkennum er viðeigandi sýklalyfjameðferð ráðlögð.

Gerið dýralækni viðvart ef vart verður alvarlegra aukaverkana eða aukaverkana sem ekki eru tilgreindar í fylgiseðlinum.

7. DÝRATEGUND

Kettir.

8. SKAMMTAR FYRIR HVERJA DÝRATEGUND, ÍKOMULEIÐ(IR) OG AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

Einn 0,2 ml skammtur af blönduðu bóluefni a.m.k. 72 klukkustundum áður en meintur áhættutími hefst.

Til notkunar í nef.

9. LEIÐBEININGAR UM RÉTTA LYFJAGJÖF

Látið leysinn ná stofuhita. Blandið við smitgát frostþurrkuðu bóluefninu saman við 0,3 ml af meðfylgjandi sæfðum leysi. Hristið vel eftir að leysinum hefur verið bætt í. Dragið 0,2 ml af blandaða bóluefninu upp í 1 ml eða 2 ml sprautu, takið nálina af og gefið allt innihald sprautunnar í aðra nös kattarins.

Haldið höfði kattarins þannig að trýnið vísi upp og munnurinn sé lokaður, þannig að hann verður að anda í gegnum nefið. Setjið sprautuna framan við aðra nösina og gefið varlega allt innihald sprautunnar í þá nös. Bóluefnið er gefið beint úr sprautuoddinum í nösina og kemst í nefholið við innöndun.

10. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Á ekki við.

11. GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við 2 – 8°C. Verjið gegn ljósi.

Notið ekki eftir fyrningardagsetningu á umbúðunum.

Geymslupól eftir blöndun samkvæmt leiðbeiningum: 4 klukkustundir.

12. SÉRSTÖK VARNADARORÐ

Einungis á að bólusetja heilbrigða ketti.

Hnerri hjá köttum eftir gjöf hefur ekki slæm áhrif á virkni dýrallyfsins.

Ekki má blanda við önnur dýrallyf að undanskildum leysinum sem fylgir til notkunar með lyfinu.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um öryggi og verkun þessa bóluefnis þegar það er notað samtímis einhverju öðru dýrallyfi. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýrallyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

Ekki skal gefa lyfið meðan á meðferð með sýklalyfjum stendur eða í tengslum við aðra dýrallyfjameðferð í nös.

Ef sýklalyf eru gefin innan viku frá bólusetningu, á að endurtaka bólusetninguna eftir að meðferð með sýklalyfinu lýkur.

Bólusett dýr geta dreift *Bordetella bronchiseptica* bóluefnisstofni í sex vikur; í einstökum tilvikum í allt að ár. Slitrótt dreifing er einnig möguleg.

Þó að hættan á að ónæmisbælt fólk geti sýkst af *Bordetella bronchiseptica* sé afar lítil, þá er ráðlagt að kettir sem eru í náinni snertingu við ónæmisbælda einstaklinga séu ekki bólusettir með þessu bóluefni. Slíkir einstaklingar eiga að gera sér grein fyrir að kettir geta gefið bakteríuna frá sér í allt að 1 ár eftir bólusetningu.

Hundar, svín og óbólusettir kettir geta brugðist við bólusetningarstofninum með vægum og tímabundnum einkennum frá öndunarfærum. Önnur dýr eins og kanínur og lítil nagdýr hafa ekki verið prófuð.

Ef sá sem annast lyfjagjöf útsetur sjálfan sig fyrir dýrallyfinu fyrir slysni, skal tafarlaust leita læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

Innflutningur, sala, dreifing og/eða notkun Nobivac Bb fyrir ketti er eða getur verið óheimil í tilteknum aðildarríkjum, ýmist í ríkinu öllu eða hluta þess, samkvæmt ákvörðun viðkomandi yfirvalda varðandi heilbrigði dýra. Sá sem ætlar að flytja inn, selja, dreifa og/eða nota Nobivac Bb fyrir ketti skal leita til viðkomandi yfirvalda til að fá upplýsingar um hvaða bólusetningarreglur gilda um dýr, áður en hafist er handa um innflutning, sölu, dreifingu og/eða notkun.

13. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR ÓNOTAÐRA LYFJA EÐA ÚRGANGS, EF VIÐ Á

Lyfjaleifum/úrgangi sem hefur komist í snertingu við virka efnið skal farga með suðu, brennslu eða setja í viðeigandi sótthreinsiefni sem hlotið hafa viðurkenningu Umhverfisstofnunar.

14. DAGSETNING SÍÐUSTU SAMÞYKKTAR FYLGISEÐILSINS

Ítarlegar upplýsingar um þetta dýrallyf eru birtar á heimasíðu Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu/>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

15. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Einungis ætlað dýrum.

Pakkningar:

Pappaaskja sem inniheldur 5 hettuglös með 1 skammti af frostþurrkuðu lyfi og 5 hettuglös með leysi.

Plastaskja sem inniheldur 5 hettuglös með 1 skammti af frostþurrkuðu lyfi og 5 hettuglös með leysi.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.